

VÍSINDASTARF 2012 LANDSPÍTALI



Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2012

Á Vísindum á vordögum 25.apríl 2012 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 104 styrkjum. Upphæð styrkianna nam um það bil 50 milljónum króna.



Vísindastarf á Landspítalanum 2012 – frábær frammistaða við erfiðar aðstæður



Kristján Erlendsson
yfirlæknir á vísinda-
og þróunarsviði

„Þróun þekkingar“

Á uppskeruhátíð Vísinda á vordögum er staldrað við og litið yfir nýliðið ár, að þessu sinni árið 2012. Þá er uppskeran borin saman við fyrri ár og reynt að meta hvernig vísindastarf á spítalanum hefur þróast og við hverju megi búast. Um árabíl hefur verið fylgst með árangursvísium, sem helstir hafa verið fjöldi birtra vísindagreina og tilvitnanastuðull, fjöldi doktors- og meistaranema, fjöldi nýrra rannsókna og eftir því sem hægt er, fjöldi og upphæðir utanaðkomandi styrkja. Þótt þetta eftirlitsstarf taki tíma og mannafla, hefur þessi viðleitni algjörlega sannað sig á þessum síðustu árum, þegar niðurskurður hefur verið mikill og álag á klínískum þjónustudeildum mjög aukin og aðstæður erfiðar. Það hefur verið nauðsynlegt að halda á lofti virkni og afrakstri háskólastarfsins á spítalanum.

Það hefur verið yfirlýst stefna stjórnenda spítalans að vernda vísinda- og menntastarf á LSH. Landspítalinn er jú eina háskólasjúkrahús landsins og ef erfiðleikatímabil nær

að ýta mennta- og vísindastarfi til hliðar, þá kemur það beint niður á framtíðarmönnun heilbrigðisstétta landsins alls og samdráttur í vísindastarfi spítalans kemur niður á gæðum starfseminnar og möguleikum til framþróunar. Þess vegna er starf háskólaspítala samofin daglegu starfi; menntun, vísindi og þjónusta við sjúklinga.

Árið 2011 var fyrsta árið frá 2004 þar sem birtum vísindagreinum hafði ekki fjölgað, heldur fækkað. Heildarfjöldinn minnkaði þó minna en ella, þar sem fjöldi greina sem birtust í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd hafði aukist. Það var því eðlilegt að menn óttuðust að nú væri kreppan farin að segja til sín. Á árinu 2012 höfðu menn jafnframt á tilfinningunni að þessi óheillaþróun hefði haldið áfram.


En tölfræðin er áreiðanlegri en tilfinningin og við blasir nú frábær árangur. Vísindagreinum sem birst hafa í erlendum vísindatímaritum hefur fjölgað úr 238 í 281, innlendum birtingum hefur að vísu fækkað úr 55 í 46 en bókarköflum fjölgað úr 31 í 41! Þá hefur greinum sem koma frá Landspítalanum, að mestu sameiginlegum starfsmönnum LSH og HÍ, utan samstarfs við ÍE og Hjartavernd, fjölgað úr 191 í 243 (sjá myndir). Sennilega eru þetta samt of lágar tölur þar eð við eigum enn nokkuð í land með að starfsmenn okkar merki greinar sínar Landspítalanum!!

Í ljósi þessa árangurs 2012 má halda því fram, að aukning vísindavirkni hafi verið jöfn og stöðug frá 2004 og kreppan hafi engin áhrif haft á þann þátt lögbundinn starfsemi háskólaspítalans. Sveiflan árið 2011 hafi verið minni


háttar og einungis hvatning til að gera betur. Stjórnendum og öllu starfsfólki LSH hefur þannig tekist að vernda mennta- og vísindahlutverk LSH eins og að var stefnt. Aðrar vísbendingar styðja þessa fullyrðingu. Á árinu 2012 fjölgaði doktorsnemum, sem tengdir eru spítalanum um nálægt 25% og meistaranemum um hartnær 10%. Þá hefur umsóknum um leyfi fyrir nýjum rannsóknum ekki fækkað, sem er annar mælikvarði á stöðuga virkni. Að þessu sinni hefur þó veggspjöldum, sem hengd eru upp í anddyri K-byggingarinnar, fækkað. Það eitt og sér tel ég ekki vera merki minnkandi vísindavirkni, frekar að menn forgangsraði tíma sínum öðruvísi, skrifi frekar greinar en að gera veggspjöld. Fækkun veggspjalda ætti líka að vera áminning um það að kannski ætti að huga að breyttu formi uppskeruhátíðarinnar, eins og oft hefur verið stungið upp á.

Árangur ársins 2012 hefur sýnt að starfsfólki spítalans hefur tekist að viðhalda kröftugri vísindavinnu og bætt raunar myndarlega í. Þar skiptir miklu máli gjöfult og gagnkvæmt samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn, að Landspítalinn og Háskóli Íslands hafa á að skipa starfsmönnum sem vinna á báðum stofnunum (sameiginlegir starfsmenn) en ekki hvað síst að í hverjum starfsmanni er inngreipt það sjónarmið, að þótt veikir sjúklingur gangi alltaf fyrir, þá skal fundinn tími til að sinna vísindahlutverki spítalans. Spítalinn hefur þrátt fyrir allt stutt við þetta starf, skapað svigrúm og innviði sem hafa gert þennan árangur mögulegan. Þennan árangur þarf að virða og vernda.

Ritryndar greinar og bókakaflar LSH 2007-2012



Fjöldi birtra ritryndra greina í samstarfi við Hjartavernd og ÍE



Hvatningarstyrkir til þriggja sterkra rannsóknarhópa

Þrjú fimm milljóna króna hvatningarstyrkir voru veittir úr Vísindasjóði Landspítala við athöfn í Hringisal 3. desember 2012. Þetta er í þriðja sinn sem styrkir af þessu tagi eru veittir á spítalanum en þeir bjóðast aðeins sterkum rannsóknarhópum á spítalanum sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Forystumenn hópanna voru:

Dr. Davíð O. Arnar yfirlæknir og klínískur prófessor
Gáttatíf; forspárþættir framrásar, afleiðingar og erfðabreytileikar

Dr. Jón Friðrik Sigurðsson yfirsálfræðingur og prófessor
Virkir þættir meðferðar í ósérhæfðri hugrænni atferlismeðferð við kviða og þunglyndi

Dr. Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur og prófessor
Stofnfrumur í þekjuvef brjóstkirtils og hlutverk þeirra í greinótri formmyndun og bandvefumbreytingu



Gísli H. Sigurðsson, formaður vísindaráðs Landspítala, Magnús Blöndahl Sighvatsson, sálfræðingur og doktorsnemi, sem tók við styrknum fyrir hönd Jóns Friðriks Sigurðssonar, yfirsálfræðings og prófessors, Davíð O. Arnar, yfirlæknir og klínískur prófessor, Þórarinn Guðjónsson, náttúrufræðingur og prófessor, og Björn Zoëga, forstjóri Landspítala

Vísinda- og þróunarsvið; nýtt svið á Landspítala

Þann 1. janúar sl. var nýtt svið stofnað á spítalanum, Vísinda- og þróunarsvið. Sviðið verður undir sameiginlegri stjórn framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga. Samtímis var Vísinda-, mennta-, og nýsköpunarsvið (VMN) lagt niður.

Markmið

Helstu markmið sviðsins eru þrjú. Að efla og styðja vísinda- og menntastarf, að stuðla að öryggismenningu og stöðugum umbótum varðandi öryggi sjúklinga og sýkingavarnir, og síðast en ekki síst að tengja vísindavinnu og gagnreynd vinnubrögð enn betur við daglega starfsemi spítalans.

Verkefni

Af verkefnum sviðsins má nefna að tryggja stuðning við vísindamenn, skipuleggja og samræma rekstur vísindaverkefna, styðja við efnileg nýsköpunarverkefni, auka umfjöllun og upplýsingar um verkefni sem fjalla um menntun og vísindi, semja og innleiða viðmið um klíniska færni og vinna að faglegri starfsþróun og símenntun heilbrigðisstétta. Samræming og skipulag aðkomu nemenda að spítalanum verður áfram mikilvægt verkefni sviðsins. Samvinna við Háskóla Íslands, aðra háskóla og vísinda- og menntastofnanir bæði innanlands og utan verður sem áður snar þáttur í starfsemi.


Verkefni varðandi gæðamál og öryggismenningu verða umfangsmikil og fjalla meðal annars um stöðugar umbætur í klínisku starfi og kerfisbundna úrvinnslu atvika með sérstakri áherslu á lykilverkefni framkvæmdastjórnar um lyfjaatvik og umbætur í kjölfar þeirra. Markviss ritstjórn sjúkraskrár í þágu sjúklinga verður einnig mikilvægt verkefni innan sviðsins, ásamt áframhaldandi áherslu á að gera ferð sjúklinga í gegnum spítalanum öruggari og skilvirkari. Virk þátttaka sjúklinga og fræðsla til þeirra, í samvinnu við önnur svið og deildir verða einnig meðal verkefna hins nýja Vísinda- og þróunarsviðs.

Skipulag

Í skipulagi sviðsins er lögð áhersla á dreifistýringu. Innan þess starfa fjórar deildir en stjórnendur hverrar deildar bera þrjúþætta ábyrgð á rekstri, mannhaldi og faglegum málefnum sinnar deildar. Deildirnar eru Flæðisdeild, Gæða- og sýkingavarnardeild, Menntadeild og Vísindadeild. Gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli deildanna og lögð áhersla á samlegð og skilvirkni þegar skyld verkefni eru leyst af hendi. Árangursrík og sveigjanleg samvinna við aðrar einingar spítalans er forsenda þess að markmið sviðsins nái fram að ganga.

Stjórnendur

Dagbjört Þyri hefur margþætta reynslu af störfum innan heilbrigðiskerfisins, m.a. sem stjórnandi. Hún hefur einnig mikla reynslu af starfi er varðar flæði sjúklinga á sjúkrahúsinu og málefni tengd því. Elin J. G. Hafsteinsdóttir er deildarstjóri gæða- og sýkingavarnardeildar. Elin hefur mikla reynslu af stjórnunarstörfum á Landspítala, m.a. sem sviðsstjóri. Hún lauk doktorsprófi í hagfræði frá háskólanum í York 2009. Undanfarin ár hefur hún starfað við gæðamál á Landspítala og verið virk í vísindastarfi. Hrunn S. Thorsteinsson er deildarstjóri menntadeildar. Hrunn á að baki langa reynslu af störfum í heilbrigðiskerfinu, m.a. margvíslega stjórnunarreynslu. Hún hefur mikla reynslu af störfum er varða menntun heilbrigðisstétta á spítalanum og tengdum málefnum. Magnús Gottfredsson er yfirlæknir vísindadeildar. Magnús hefur mikla reynslu af vísindastörfum en hann lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 1999 og hefur verið virkur vísindamaður undanfarin ár, bæði hvað varðar birtingu greina, leiðsögn meistara- og doktorsnema og ýmis nefnda- og trúnaðarstörf er varða vísindastarfsemi. Magnús hefur einnig reynslu af stjórnunarstörfum og viðtæka klíniska reynslu sem smitsjúkdómalæknir. Um leið og við fögnum stofnun hins nýja sviðs, bjóðum við öllum hlutaðeigandi til samvinnu og sóknar á sviði vísinda- og þróunar. Vísinda- og þróunastarf, ásamt stöðugri eflingu gæðamála, verður lykllinn að farsælli framþróun Landspítala um ókomin ár.



Vísinda- og þróunarsvið

Heiðursvísindamaður ársins 2012

Inga Þórsdóttir var valin heiðursvísindamaður Landspítala árið 2012. Inga er afkastamikill vísindamaður á sviði næringarfræði og hefur ritað fjölda greina í alþjóðleg, ritrýnd tímarit sem mikið er vitnað í, bókarkafla og ágríp, auk þess að vera virk í fyrirlestrahaldi. Hún er forstöðumaður næringarstofu Landspítala og rannsóknarstofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands, prófessor við Háskóla Íslands. Hún hefur verið aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi fjölda meistara- og doktorsnema. Hún hefur hlotið fjölmarga íslenska og alþjóðlega rannsóknastyrki og situr í ritnefndum alþjóðlegra vísindatímarita s.s. Acta Paediatrica, Public Health Nutrition and Annals of Nutrition and Metabolism.

Inga lauk BSc prófi í hjúkrunarfræði, Háskóla Íslands 1980 og næringarráðgjafaprófi, frá Gautaborgarháskóla 1986. Doktorspróf í næringarfræði frá Gautaborgarháskóla í Svíþjóð árið 1989. Forstöðumaður næringarstofu og rannsóknastofu í næringarfræði frá árinu 1995. Prófessor við raunvísindadeild matvæla- og næringarfræðiskorar Háskóla Íslands 1997-2008.

Deildarforseti matvæla- og næringarfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á árunum 2008-2012. Hún er nú forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.



Inga Þórsdóttir og Sævar Ingbórsson

Ungur vísindamaður ársins 2012


Sævar Ingbórsson var valinn ungur vísindamaður. Hann lauk BS prófi í líffræði frá raunvísindadeild Háskóla Íslands árið 2006 og meistaraþrófi í líf- og læknisvísindum frá læknadeild Háskóla Íslands 2008. Hann hóf doktorsnám í líf- og læknisvísindum við læknadeild Háskóla Íslands árið 2009 og starfar á rannsóknarstofu í stofnfrumfræðum sem rekin er af Magnúsi Karli Magnússyni prófessor og Þórami Guðjónssyni dósent.

Heiti rannsóknaverkefnis: Hlutverk sprouty próteina í stjórn EGFR boðleiða í brjóstaþekjufrumum.


Markmið verkefnisins er að rannsaka hlutverk og samskipti Sprouty-2 við EGFR týrósin kínasa viðtaka fjölskylduna í greinóttri formgerð brjóstkirtilsins og kortleggja áhrif yfirtjáningar og svirkirar tjáningar viðtakanna í framþróun æxlisvaxtar í brjóstkiorti. Í rannsóknunum er notast við þrívíð frumuræktunarlíkön og frumulínur, bæði úr heilbrigðum vef og krabbameinsvef, ásamt frumulínu með stofnfrumueiginleika.

Samhliða rannsóknnum sínum hefur Sævar leiðbeint íslenskum og erlendum nemum sem koma á rannsóknastofuna í styttri verkefni, ásamt kennslu í vefjafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Visindastyrkir 2007 - 2012




Fjöldi veggspjalda á Visindum á vordögum 2008 - 2013




Hægt er að nálgast ágríp veggspjaldanna í Fylgiriti Læknablaðsins.

Fjöldi doktors- og meistaranema 2007 - 2012




Taflan sýnir fjölda doktors- og meistaranema sem tengjast Landspítala í sínu námi á beinan eða óbeinan hátt, ýmist sem starfsmenn spítalans eða njóta leiðsagnar starfsmanna eða njóta gögn spítalans. Nemarnir stunda nám við íslenska og erlenda háskóla.

Fjöldi nýrra rannsókna á Landspítala 2007 - 2012



Fjöldi rannsókna sem Siðanefnd Landspítala, Siðanefnd stjórnsýslurannsókna og Visindasiðanefnd veittu leyfi fyrir á árunum 2007-2012.

Heildarfjöldi ritrýndra greina á Íslandi og Landspítala



Styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna

Átta ungir vísindamenn á Landspítala fengu styrk úr Visindasjóði Landspítala til klínískra rannsókna við athöfn í Hringstal 19. desember 2012. Hver styrkur nam einni milljón króna.

Anna Bryndís Einarsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Elías Ólafsson yfirlæknir og professor

Guðrún Dóra Bjarnadóttir deildarlæknir og doktorsnemi

Meðumsækjandi: Magnús Haraldsson geðlæknir og dósent

Paolo Gargiulo verkfræðingur

Meðumsækjandi: Halldór Jónsson jr. yfirlæknir og professor

Sigríður Birna Elíasdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir og dósent

Sigurður James Þorleifsson deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gunnar Guðmundsson, aðstoðaryfirlæknir og dósent

Una Bjarnadóttir lífefnafræðingur

Meðumsækjandi: Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir og professor

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Meðumsækjandi: Brynjólfur Mogensen yfirlæknir og dósent

Óssur Ingi Emilsson, deildarlæknir og doktorsnemi

Meðumsækjandi: Þóririnn Gíslason, yfirlæknir og professor



Starfsmaður Landspítala sem fékk framgang við Háskóla Íslands árið 2012

Þóririnn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild

Starfsmenn Landspítala sem fengu akademíska nafnbót við Háskóla Íslands árið 2012

Guðlaug Þórsdóttir öldrunarlæknir, klínískur dósent

Guðrún Árnadóttir iðjubjálfi, klínískur dósent

Merking vísindagreina sem birtast í ritrýndum tímaritum

Landspítali the National University Hospital er heiti Landspítala á ensku og ber að merkja vísindagreinar sem birtast í ritrýndum tímaritum samkvæmt því.

Mikill misbrestur hefur verið á því að starfsmenn merki spítalanum greinar sínar. Við árlega samantekt af birtum ISI greinum starfsmanna Landspítala fyrir árið 2012, kom í ljós að í um 35% tilvika eru greinar ekki rétt merktar. Ýmist er ranglega er farið með nafn spítalans, starfsmenn merkja greinar einungis Háskóla Íslands eða greinar starfsmanna eru hvorki merktar spítalanum né Háskóla Íslands. Rétt merking auðveldar leit að greinum starfsmanna Landspítala.